



08. maí 2014

Tilkynning frá Frón

Frón innkallar Matarkek

Frón hefur ákveðið, í samráði við matvælaeftirlit Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, að taka tímabundið úr sölu og innkalla Matarkek, öll lotunúmer.

Ástæða innköllunarinnar er sú að ekki kemur skýrt fram á umbúðum vörunnar að hún innihaldi ofnæmis- og ópolsvaldinn súlfít. Þar sem öryggi neytenda er Frón efst í huga hefur verið ákveðið að innkalla allt Matarkek.

Vakin er athygli á því að engar breytingar hafa verið gerðar á uppskrift vörunnar, einungis er um að ræða vanmerkingu á umbúðum. Neytendur geta treyst því að varan er eins og hún hefur verið frá upphafi og þeir sem ekki hafa óþol fyrir súlfíti stafar engin hættu af neyslu vörunnar. Varan mun koma endurmerkt á markað eins fljótt og mögulegt er.

Upplýsingar um vöruna:

Vöruheiti:	Frón Matarkek
Strikamerki:	5690605001110
Nettóþyngd:	400g
Lotunúmer:	Öll lotunúmer

Neytendum sem keypt hafa vöruna er bent á að þeir geta skilað henni í þeirri verslun þar sem hún var keypt.

Frón biður neytendur velvirðingar á þeim óþægindum sem af þessu geta skapast.

Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Frón, www.fronkex.is eða í síma 5222700.